

Breskur ofurhugi safnar áheitum til styrktar heimaaðhlyningu krabbameinssjúklinga

Hjólar frá Íslandi til Afríku



Endurskoðandi leggst í flakk: Tom Bottomley býst til vikulangrar hjólréiðaferðar um Ísland. Í kjölfarið fylgja sjö vikur á hjólinu uns hann nær til Marokkó. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

Breski endurskoðandinn Tom Bottomley ætlar að hjóla frá Íslandi til Afríku og safna með því áheitum til líknarmála. **Steinunn Ásmundsdóttir** hitti Bottomley í upphafi ferðar á Egilsstöðum.

BOTTOMLEY kom með Norrönu til Seyðisfjarðar í gærmorgun og staðnæmdist fyrst á Egilsstöðum til að rýna betur í kortin og fá sér kaffi. Í gærdag lagði hann svo upp í vikulangt ferðalag um norðaustanvert landið á hjólinu sínu. Hann fer um Möðrudalsfjallgarð og Mývatnsöræfi, hefur viðkomu í Jökulsárgljúfrum og heldur þaðan norður á Melrakkasléttu og með ströndinni austur um og til Seyðisfjarðar. Sjálfsgagt er hann núna einhvers staðar nálægt Grímsstöðum á Fjöllum og reynir að ákveða hvort hann ætlar í Mývatnssveitina eða tekur strikið á Dettifoss.

Í kjól og hvítt á Lhakpa Ri í 23.000 fetum

Tom Bottomley er þrjátíu og fimm ára gamall endurskoðandi og þjálfaður fjallaklifrari frá Leeds í Vestur-Jórvíkurskíri. Eftir að hafa í starfi sínu keypt og selt fyrirtæki um árabil og hjálpað fólki við að styrkja fjárhaginn, ákvað

hann í ársbyrjun að hætta í vinnunni og láta gamla drauma um ferðalög til framandi staða og fjársöfnun til líknarmála rætast. Hann lagði við áttunda mann upp í leiðangur til Himalaya og setti nýtt hæðarheimsmet í "formlegu kvöldverðarhaldi" 3. maí sl. í 6.805 metra hæð á Lhakpa Ri nálægt Everest, hvar vinirnir lögðu út byrðar sínar; borð og borðbúnað og klæddust kjólfötum, viðeigandi hálstau og pípuhöttum. Þannig snæddu þeir kvöldverð í hæstu hæðum og bergðu á góðu víni, fumlaust með dýrindis útsýn fyrir augum.

Bottomley komst raunar ekki alla leið, fékk slæma háfjallaveiki sem og tveir aðrir leiðangursmenn, en það var samt sem áður hópurinn sem setti metið og safnaði rúmlega þrjátíu þúsund pundum til líknarmála með uppátækinu.



Í návígi við náttúruna

"Mig langar að ferðast og er að gera þetta fyrir mig sjálfan fyrst og fremst," segir hann. "Að geta aflað fjár til líknarmála í leiðinni gerir ferðina innihaldsríkari. Ég er að leiðrétta karmað mitt; eftir fimmtán ára vinnu við að gera ríkt fólk ríkara, reyni ég nú að safna peningum fyrir þá sem eiga um sárt að binda."

Tom Bottomley segir erfiðasta hluta ferðarinnar líklega vera leiðina um Spán þar sem hann þarf að hjóla yfir þrjá fjallgarða.

"Ég er annars hálfsmeykur núna. Ég er að koma einn í fyrsta sinn til Íslands, kann ekki tungumálið og er alls ókunnugur staðháttum og landslaginu. Það eina sem ég í raun veit er að ég er að fara að hjóla um mjög strjálbýlar slóðir eftir erfiðum vegum. Ég veit að hér er gott fólk og að þetta er friðsamt land svo ekkert er að óttast. Ég held að ég komist í mikið návígi við náttúruna á næstu dögum og hlakka mest til að sjá hinn mikla Dettifoss."

Draumurinn endurlífgaður

"Ég er að hefja mikla ferð, frá heimskautsbaug til Afríku og hlakka mjög til," heldur hann áfram. "Tekst á við hvern dag, hvern kílómetra fyrir sig og legg vonglaður upp. Og ef til vill hef ég það út úr ferðinni að læra betur á sjálfan mig og dýpka hugann dálítið."

Kannski fer ég aftur í endurskoðunina þegar ég kem heim til Leeds, hef fengið nokkur atvinnutilboð og ekki svarað þeim ennþá. Hins vegar ætla ég mér að fara aftur til Himalaya á næstu tveimur árum og ljúka fjallaferðinni sem ég hóf í vor. Þá fékk ég háfjallaveiki í 21 þúsund feta hæð og varð að fara til baka. Ég hef verið heillaður af Everest síðan ég var smápolli og alltaf haft á bak við eyrað að ganga á fjallið.

Draumurinn minn dó vofveiflega þegar ég varð að snúa við í vor og ég ætla að reyna að lífga hann við með því að komast í 24 þúsund fetin. Þá og aðeins þá get ég hugsanlega látið mig dreyma um að komast á tind Everest síðar meir."

Safnar fyrir heimaaðhlyningu krabbameinssjúkra

Frá Íslandi, þ.e. með Norrönu frá Seyðisfirði, fer Bottomley til Hjaltlandseyja, Orkneyja, og Bretlands, þaðan til Spánar og frá Gíbraltar til Tangier í Marokko, en ferðin endar í borginni Casablanca, 16. október nk. samkvæmt áætlun. Tom Bottomley hóf ferðina í Leeds 16. ágúst sl., þannig að ferðin í heild mun taka tvo mánuði ef allt gengur að óskum. Hann notast við lest milli Penzance og Plymouth og ferjur þar sem haf skilur lönd, en hjólar leiðina að öðru leyti.

"Ég vil með ferðinni safna peningum fyrir líknarstarfsemi í mínu eigin sveitarfélagi, þar sem fjárframlag, hversu lágt eða hátt sem það er, skiptir máli fyrir einstaklingana. Þar sem 4.000 pund geta til dæmis greitt fyrir mánaðarlanga umönnun sjúklings heima við. Ég er sérlega hlynntur heimaaðhlyningu sjúklinga og hef verið síðan faðir minn dó þegar ég var fjórtán ára gamall. Mig langar eindregið að styðja við bakið á þessari starfsemi," segir Tom Bottomley að endingu.

Búið er að safna á fjórða þúsund punda nú þegar, en upphæð áheita mun renna óskipt til Marie Curie Cancer Care, sem og helmingur styrktarfjár frá fyrirtækjum. Hinn helmingurinn fjármagnar ferðina uns 50% kostnaðar við hana er náð inn, eftir það rennur styrktarféð óskipt til krabbameinsstofnunarinnar, sem starfar á Bretlandseyjum og veitir m.a. dauðvona krabbameinssjúklingum aðhlyningu heima við fram til hins síðasta, án endurgjalds. Hægt er að fylgjast með ferð Toms Bottomleys áleiðis til Afríku á vefnum www.icelandtoafrika.net.